

Tölfræði - Í Glæsi eru 39 fullorðnir félagar, iðkendur samtals eru taldir 91, Því eru 52 börn sem koma að starfinu á einn eða annan hátt.

Reiðskemman hefur gert okkur kleyft að halda námskeið á veturnar fyrir börnin og allt barna og unglingastarf hefur miklu meiri möguleika heldur en það hafði.

Þetta ár er það þriðja sem við höldum námskeið fyrir börnin og unglingana á þessum árstíma með aðkomukennurum. Í vetur kom Hinrik Már Jónsson og hélt námskeið, þar komu 14 börn í 6 skipti. Flest voru þau orðin reiðfær en sum tæplega þó. Samhliða því námskeiði var ákveðið að taka þátt í hátíðinni “Æskan og hesturinn – norðanlands” sem haldin var á Sauðárkróki í byrjun maí. Þá tóku þátt 10 af þessum 14 og tvö önnur bættust við svo við höfðum 12 á Króknum. Þetta þýðir að í litlu félagi tóku 16 börn þátt á eigin hestum eða hestum sem þau höfðu aðgang að í fjölskyldunni. Það er fjöldi sem við erum virkilega ánægðir með. Í kringum æfingarnar á atriðinu þurftum við að æfa úti, skemman dugði ekki og það var mjög snjópungt og þá var gripið til þess ráðs að moka á bílastæði við flugvöllinn út svæði sem samsvaraði stærð reiðhallarinnar á Króknum og æfa þar á hverjum degi í rúmlega viku. Sjálfur atburðurinn var alveg frábær og krakkarnir voru alveg himin lifandi með þetta. Áhuginn var orðinn slíkur að á heimleiðinni frá Króknum voru krakkarnir sjálf komin á flug í skipulagningu og okkur foreldrunum heyrðist að ekki yrðu færri en 3 atriði næsta ár. Við fórum að sjá það fullorðna fólkið að strax við æfingar atriðisins voru krakkarnir farin að ríða miklu meira út sjálf og með foreldrunum en þau höfðu mörg gert, það höfum við svo séð halda sér áfram og teljum því áhugann varanlegri en hann var.

Svo hélt barnastarfið áfram í sumrinu, Jón Garðarsson var með 2 hefðbundin tveggja vikna námskeið fyrir börn. Mörg börn úr vetrarstarfinu tóku þátt og þeim dugði ekki námskeiðið því þau ríðu svo sjálf út eftir að því lauk á daginn. Jón hefur verið viðloðandi sumarstarfið okkar lengur en elstu menn muna og hefur gert mikið fyrir börn í Siglufirði í gegnum tíðina. Viðverutíminn hans hefur verið að lengjast á hverju ári og hann hefur starfrækt hestaleigu í framhaldi og meðfram námskeiðunum sínum. Þessi námskeið okkar hafa verið til þess að mikið líf er í hesthúsahverfinu allan júlímánuð frma í miðjan ágúst, bæði börn og fullorðnir að koma og fara og foreldrar ríðandi út með börnum sínum. Námskeiðin hafa verið fastur liður í heimsóknum brottfluttra barna til afa og ömmu á Siglufirði. Félagið hefur haldið gjaldtöku mjög í lágmarki, kr. 4.500,- fyrir tveggja vikna námskeið 2 klst á dag en fengið styrk frá Siglufjarðarbæ og hreinlega borgað mismuninn úr sjóðum félagsins og gert það með glöðu geði!

Glæsir er íþróttafélag með samfélagslega ábyrgð svo við förum á hverjum júnímánuði í leikskólann og bjóðum börnunum á hestbak. Það eru fá verk sem við vinnum fyrir þakklátari hópa.

Einnig ríðum við um hverja verslunarmannahelgi til útimessu í Hvanneyrarskál og setjum svolítið mark á þann atburð. Nýliðna verlsunarmannahelgi vöknuðum við í skagveðurs rigningu og það dró máttin úr ansi mörgum. Formaðurinn fyrirskipaði þó að farið yrði! Reyndin varð 16 manna hópur, 8 börn! 3 konur og 5 karlar!



Glæsir tók þátt í LM 06 eins og önnur félög, sendur voru 1 knapi í barnaflokk og annar knapi í ungmennaflokk. Í úrtöku sem við höldum með Skagfirðingum fóru 3 knapar í barnaflokki sem reyndu með sér í keppni um þetta eina lausa sæti.

Hestadagar Glæsis, Gnýfara og Svaða eru haldnir hvert ár 2 vikum eftir verslunarmannahelgi og þá til skiptis hjá hverju félagi. Þetta árið var hátíðin haldin í Ólafsfirði. Þá riðu Svaðamenn og Glæsismenn um Lágheiði til Ólafsfjarðar, í hópnum hafa verið rúmlega 100 hross og á tímabili ábyggilega um 40-50 knapar. Alltaf fara þónokkur börn með í þessar ferðir. Einhverja hluta úr leiðinni hafa sennilega riðið á bilinu 10-15 börn úr Glæsi.

Hestadagarnir eru yfirleitt þannig að komið er á mótsstað á föstudagskvöldi og þá er móttaka yfirleitt með súpu. Ólafsfirðingar elduðu afburða góða súpu þetta árið. Síðan er laugardagurinn tekin í sameiginlegan reiðtúr. Sá reiðtúr er með hátíðlegu sniði og oft ýmislegt gert á leiðinni. Við komuna í félagsheimili þeirra Gnýfara beið eitt svakalegasta tertuhlaðborð sem lengi hefur komið fyrir svöng augu. Eftir þau herlegheit lögðust margir í heitapottinn í sundlauginni og reyndu að láta hjaðna í belgnum eingöngu til þess að geta innbyrt meira í grillveislu sem haldin var um kvöldið. Þessir hestadagar hjá okkur hafa ekki snúist um hefðbundna keppni í háa herrans tíð heldur bara um hestaferð, samveru, glens og grínog svo um magamál!

Á hverju ári höldum við Glæsismenn hestamót, þ.e. keppnir en þau hafa verið með heimilislegu sniði. Að hausti höfum við svo haldið firmakeppni sem er okkar stærsta fjáröflun. Samhliða höfum við svo keppt um Stefánsbikarinn í Stefánstölti, það mót er nú nýliðið. Yfirleitt taka þátt á bilinu 6-10 börn og unglingar í hverri keppnisgrein.

Þess má geta að félagið heldur úti heimasíðu á vefnum þar sem fréttir af starfsemi eru birtar ásamt ýmsum tilkynningum, þar má finna myndir frá ýmsum atburðum og pistla og hugleiðingar um málefni líðandi stundar.

F.h. hmf Glæsis á Siglufirði
Kolbrún Inga Gunnarsdóttir
Kolla65@gmail.com